

Karlar: Halló stelpur horfið á oss.

Konur: Já,já,já.

Karlar: Hrífandi sem vænstu stóðhross.

Konur: Jájájá.

Karlar: Við erum engum líkir að atgerfi og greind.

Konur: Þessi gæði eru okkur alveg leynd.

Konur: Lofsyng okkur bestu bræður.

Karlar: Jájájá.

Konur: Blíðar eins og síamslæður.

Karlar: Jájájá.

Konur: Við erum sér í flokki og fyrirmyndin best.

Karlar: Þetta hefur okkur alveg yfirsést.

Karlar: Við höfum völdin víst með réttu.

Konur: Sjá sjá, sjá.

Karlar: Virðuleik sem ljón á sléttu.

Konur: Vá, vá, vá.

Karlar: Okkur hlýða allir, enda er það skást.

Konur: Þið ofurseldir alveg eruð sjálfsins ást.

Konur: Greind og feegurð gæddar erum.

Karlar: Heyr, heyr, heyr.

Konur: Glæsileik sem hindir berum.

Karlar: Meir, meir, meir.

Konur: Karlmenn okkur lúta í lotningu og bón.

Karlar: Sjaldan höfum við nú heyrt eins falskan tón.

Karlar: Konur eru kynjagripir.

Konur: Fuss, fuss, fuss.

Karlar: Kindarlegir þeirra svipir.

Konur: Suss, suss, suss.

Karlar: Þær prýða sig með pjátri og pískra um ekki neitt.

Konur: Þið karlmenn hafið okkur nú til reiði reitt.

Konur: Hrekkjalómar, ljótir strákar.

Karlar: Nei, nei nei.

Konur: Lúmskir eins og eitursnákar.

Karlar: Svei, svei, svei.

Konur: Þeir loðnir eru og ljótir og líkar spott og spé.

Karlar: Hægan konur, semjum núna vopnahlé.


Allir: Hvorugt kyn má án hins vera.

Það er svo.

Ef lífið ávöxt á að bera, Þarf sko tvo.

Því við skulum vera vingjarnleg og hlý,
svo allir geti glaðir lifað heimi í.

Porrablót Hestlendinga Sönghefti



Danska lagið	bls 12
Det var brædevin i flasken	bls 18
Einu sinni á águst kvöldi	bls 16
Eitthvað gamalt og gott	bls 15
Ég sé um hestinn	bls 5
Fatlaföl	bls 19
Frystikistulagið	bls 14
Gunna var í sinni sveit	bls 16
Hvítá	bls 3
Í bláum skugga	bls 19
Í Híðarenda koti	bls 22-23
Játning	bls 13
Kátir voru karlar	bls 9
Komdu inn í kofann minn	bls 22
Komdu í party	bls 15
Kvenmannslaus í kulda og tekki	bls 21
Kvöldljóð	bls 4
Kötukvæði	bls 6
Lausavísur	bls 10
Litla flugan	bls 9
Ljúfa Anna	bls 7
Mánaljóð	bls 5
Minni karla og kvenna	bls 24
Nú er ég léttur	bls 9
Nú Liggur vel á mér	bls 7
Ó Jósep, Jósep	bls 21
Ó María, mig langar heim	bls 11
Óbyggðirnar kalla	bls 18
Segðu ekki nei	bls 20
Ship-o-hoj	bls 11
Síldarvalsinn	bls 21
Tryggðapantanir	bls 12
Undir dalana sól	bls 8
Vertu til	bls 17
Vertu þú sjálfur	bls 8
Vitlu með mér vaka	bls 6
Það blanda allir landa	bls 4
Það gerðist hér suður með sjó	bls 6
Það liggur svo makalaust	bls 8
Þegar hnígur hum að porra	bls 3
Þorablót	bls 23
Þórsmerkurljóð	bls 17
Þú og þeir	bls 13

Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

Þorablót

Ef þig langar mikið á eitthvert stefnumót
ekkert veit ég betra en íslenskt Þorablót
Sviðasultan fin sést á borðum þar
hvað þær eru mjúkar hveitkökurnar
Þvílíkt nammi nammi
Þvílíkt nammi nammi
lundabaggar og lamba kjamma kjamm
Vasapelinn minn
besti vinurinn,
ekta landa ég á honum finn.

Í eina þorraveislu
yfir langan veg
komum við að kveldi,
Kella mín og ég.
Keyptum okkur aðgang
settumst sæti í
fórum svo að borða þetta finerí.

Fjögur stærðar föt fyllt með hangikjöt.
Mér fannst að konan væri ei við það svo löt.
Ég tók pelan minn
upp með landann sinn
þar í brjósthýru fína ég finn.

Bringukollar feitir
borðast togum úr.
Glóðbakað brauðið beljujúgur súr.
Allt í einu heyrði ég ofsa mikið hljóð.
Þetta var þá konan er sagði sár og móð:
Éttu punginn Jón, éttu punginn Jón
ég get alls ekki horft á þessa sjón.
Éttu kona þinn, ég hef nóg með minn.
Það er lagbest að hver hafi sinn.

Komdu inn í kofann minn, er kvölda og skyggja fer.
Þig skal aldrei iðra þess að eyða nótt hjá mér.
Við ævintýraeldana er ýmislegt að sjá,
og glaður skal ég gefa þér allt gullið sem ég á.

Tíu dúka tyrkneska og töfraspegla þrjá
níu skip frá Noregi og naut frá Spánía,
austurlenskan aldingarð og íslenskt höfuðból
átta gráa gæðinga og gylltan burðarstól.

Fjaðraveifu fannhvíta og franskan silkikjól,
eyrnahringi, ennisþöng og alabastursskrín,
hundrað föt úr fílabeini full með þrúguvín
og lampa þann, sem logaði og lýsti Aladdín.

Komdu inn í kofann minn, er kvölda og skyggja fer.
Alltaf brennur eldurinn á arninum hjá mér.
Ég gleymdi einni gjöfminni, og gettu, hver hún er.
Ég gleymdi bestu gjöfinni, ég gleymdi sjálfum mér.

Í Hlíðarendakoti

Fyrr var oft í koti kátt, krakkar léku saman,
þar var löngu hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
úti' um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja,
margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði æfa saman eitthvert lag,
eða syngja kvæði.

Hvítá rennur djúp og fögur
Róleg framhjá hestsins há.
Gæti okkur margar sögur
Sagt ef segja vildir frá.
Sögur eldri en öll við erum
Sögur um gleði sorg og raun.
Um harða vetur, sumrin ljúfu
Steinsins röst, í kröppum straum.

Þegar hnígur húm að Þorra

Þegar hnígur húm að Þorra,
oft ég hygg til feðra vorra,
:,:og þá fyrst og fremst til Snorra.
sem framdi Háttatal.:,:

Áður sat hann skýr at Skúla,
og þar skálda lét sinn túla,
:,:bæði' um hann og Hákon fúla,
sem hirti frelsi vort.:,:

Fögur knáttu gullker geiga,
sem að gaman væri' að eiga,
:,:full af safu sætra veiga,
er sveif á alla drótt.:,:

Snorri kallinn kunni' að svalla,
og að kæta rekka snjalla,
:,:þegar húmi tók að halla
í höllu Skúla jarls.:,:

Og hann þoldi þreyta bögur,
og að þylja fornar sögur,
:,:já, allt fram til klukkan fjögur
þá fór hann í sitt ból.:,:

Það blanda allir landa upp til stranda
og vanda sig svo við að brugga bjór.
Síðan drekkur fólkið þennan fjanda
og viðskiptahópurinn er stór.

Þeir selja hver öðrum slíkan varning
og úrvalið af tegundum er gott.
Þó þeir stundi líka ýmsan barning,
þá lifa þeir víst ótrúlega flott.

Já, það blanda allir landa upp til stranda
og standa í þessu nótt sem nýtan dag.
En unglingarnir valda mörgum vanda
þeir kunna ekki forledranna fag.

Í turnunum súrhey börnin reykja
og steikja sér svo smáfugla á tein.
Og næstu því í hlöðunum þeir kveikja
svo gamla fólki rekur bara upp vein.

Já, það blanda allir landa upp til stranda
og standa í þessu nótt sem nýtan dag.
En unglingarnir valda mörgum vanda
þeir kunna ekki forledranna fag.
En unglingarnir valda mörgum vanda
þeir kunna ekki foreldranna fag.

Kvöldljóð

Sestu hérna hjá mér ástin mín
og horfðu á sólarlagsins roða glóð
Særinn ljómar líkt og gullið vín
og léttar báru kveða þýðan óð
Við öldunið og aftanfrið
er yndislegt að hvíla þér við hlið
Hve dýrlegt er í örmum þér
að una og gleyma sér

Syngjandi sæll og glaður,
til síldveiða nú ég held
það er gaman á Grímseyjarsundi
við glampanði kvöldsólareld.
Þegar hækkar í lest og hleðst mitt skip
við háfana fleiri og fleiri,
svo landa ég síldinni sitt á hvað
á Dalvík og Dagverðareyri.

Seinna er sumri hallar
og súld og bræla er,
þá held ég fleyi til hafnar,
í hrifningu skemmti ég mér.
Í dunandi dansi, við dillandi spil
og dansana fleiri og fleiri
því nóg er um hýreyg og heillandi sprund
á Dalvík og Dagverðareyri.

Ó, Jósep, Jósep

Ó, Jósep, Jósep, bágt á ég að bíða
og bráðum hvarma mína fylla tár,
því fyrr en varir æskuárin líða
og ellin kemur með sín gráu hár.
Ég spyr þig Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Kvenmannslaus í kulda og trekki

Kvenmannslaus í kulda og trekki
kúri ég volandi
Þetta er ekki, ekki, ekki
ekki þolandi.

Út við gluggann stendur stúlkan og hún starir veginn á

og hún bíður og hún vonar að hún vininn fái að sjá.

En um síðir hringir síminn og hún svarar í hann

fljótt:

„Halló, halló" segir herrann, „viltu koma að dansa í nótt?"

Viðlag,,

*Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski,
segðu að þú elskir engan nema mig.*

*Segðu ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski,
þá aldrei, aldrei ég skilja mun við þig."*

Unga stúlkan, hún er stórhreifin og strax hún segir já.

Arm í arm þau leiðast, ungu hjúin ætla ballið á.

Og er hljóma ljúfu lögin, blítt hann hvíslar: „Heyrðu mig,

viltu dansa þennan dans, ég gjarnan dansa vil við þig."

„Segðu ekki nei..."

Og í ljúfum draumi líður kvöldið, loks er komin nótt.

Og við trúum stundum tæplega hve tíminn líður fljótt.

Og er vangi strýkur vanga blítt af vörum hvíslað er: „Elsku litla sæta ljúfan, má ég labba heim með þér?"

„Segðu ekki nei..."

Heyrðu heillin!

Leyfðu mér að kíkja aðeins á nýja hnakkinn þinn.

Við ættum kannski að bregða honum á folann minn.

Við skulum festa hann mjög, mjög vel,

því við viljum ekki að þú dettir af baki.

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.

Við skulum hleypta á skeið.

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.

við skulum fara í útreið reið.

Út í myrkrið, með fram ánni,

fram hjá hunangshlöðunni

við munum ríða, en sú blíða,

þar til örlar á dagsbirtunni.

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn ...

Mánaljóð

Máninn fullur fer um geiminn

fagrar langar nætur.

Er hann kannski að hæða heiminn

hrjáðan sér við fætur?

Fullur oft hann er

það er ekki fallett, ónei.

Það er ljótt

að flækjast þar, að flækjast þar

á fylliríi um nætur.

Stjáni fullur fer um stræti,

fagrar tunglskinsnætur.

Fullur ástar, ungrar kæti,

elskar heimasætur.

Þannig oft hann er,

það er ekki fallett, ónei.

Það er ljótt,

því ein er hér og önnur þar

og Efemía grætur.

Það var um kvöld eitt að Kötú ég mætti.
Hún var að koma af engjunum heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldimmt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósín.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
og augun leiftruðu þögul og kyrr.

*Hlýtt ég tók í hönd á Kötú,
horfði í augun djúp og blá.
Gengum síðan burt af götu,
geymdi okkur náttmyrkrið þá.*

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting,
og fyrir augum af angist mér syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring

Það gerðist hér suður með sjó

Það gerðist hér suður með sjó,
að stúlkan fékk meira en nóg.
:;En strákurinn var glúrin
hann trúði ekki á túrinn
og tók hana á "notime" og hló:;:

Viltu með mér vaka

Viltu með mér vaka í nótt,
vaka á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ,
viltu með mér vaka í nótt?
Vina mín kær,
vonglaða mær,
ætið ann ég þér, ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.

Í bláum skugga, af broshýrum reyr.
Við eigum pípu, kannski' eilítið meir.
Við eigum von og allt sem dæmt og deyr.
Úúúúúú...

Við áttum kaggann, þúfur og þras.
Og kannski dreitil í tímans glas.
En hvað er það, á við gott lyfjagras.

Úúúúúú...

Og þegar vorið kemur á kreik.
Þá tek ég flugið, og fæ mér reyk.
Hann er mín trú, og festa í lífsins leik.

Úúúúúú...

Fatlafól

Ég þekkti einu sinni fatlafól
sem flakkaði um í hjólastól
með bros á vör og berjandi þó lóminn
hann ók loks í veg fyrir valtera
og varð að klessu - ojbara
þeir tóku hann upp með kítisspaða
og settu hann beint á sjónminjasafnið

Fatlafól fatlafól
flakkandi um á tíu-gíra-spíthjólastól
ók loks í veg fyrir valtera
og varð að klessu - ojbara
þeir tóku hann upp með kítisspaða
og settu hann beint á sjónminjasafnið.
Endurtaka

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir himininn,
himinblár er bláminn
himneskur jökullinn.

*Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kem heim.*

Bergmál óbyggðanna
svo hjart í huga mér,
leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla...

Det var brændevin i flasken

Det var brændevin i flasken
Det var brændevin í flasken da vi kom,
det var brændevin í flasken da vi kom.
Men da vi gik, så var den tom.
Det var brændevin í flasken da vi kom.

*Syng så jah, jah, jibbi, jibbi jah,
syng så jah, jah, jibbi, jibbi jah.
Men da vi gik så var den tom.*

Det var brændevin i flasken da vi kom.
Det var whisky i en kasse som vi fik,
det var whisky i en kasse som vi fik.
Men da vi gik, så var vi „hik”.
Det var whisky i en kasse som vi fik.

De var allesammen jomfru da vi kom,
de var allesammen jomfru da vi kom.
Men da vi gik så var de bom.
De var allesammen jomfru da vi kom.

Du må ha'min gamle kone når jeg dør,
du må ha'min gamle kone når jeg dør.
Du skal ikke være bange, hun har sovet hos så
mange.
Du må ha'min gamle kone når jeg dør.

Mér er sama hvar ég lendi, þegar ég dey,
mér er sama hvar ég lendi, þegar ég dey.
Því ég á vini á báðum stöðum,
sem að biða mín í röðum.
Mér er sama hvar ég lendi, þegar ég dey.

Stína var lítil stúlka í sveit,
stækkaði óðum blómleg og heit,
Hún fór að vinna, var margt að gera,
lærði að spinna, látum það vera.
Svo var hún úti sumar og haust,
svona var lífið strit endalaust.
Samt gat hún Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Viðlag:

*Nú liggur vel á mér, nú liggur vel á mér,
gott er að vera léttur í lund,
lofa skal hverja ánægjustund.*

Gaman fannst Stínu að glettast við pilt,
gaf hún þeim auga, var oftast stillt.
Svo sá hún Stjána, það vakti þrána,
hann kom á Grána út yfir ána.
Sæl var hún Stína saklaus og hraust,
svo fór hann burtu koldimmt um haust.
Samt gat hún Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Nú liggur vel á mér....

Nú er hún Stína gömul og grá,
getur þó skemmt sér dansleikjum á,
situr hún róleg horfir á hina
hreyfast í takt við dansmúsikina.
Alltaf er Stína ánægð og hraust,
aldrei finnst henni neitt tilgangslaust.
Enn getur Stína söngvana sína sungið
með hárri raust.

Nú liggur vel á mér....

Ljúfa Anna

Ljúfa Anna, láttu mig vissu fá.
Þú ein getur læknað mín hjartasár
í kvöld er ég sigli á sænum
í svala ljúfa blænum,
æ komdu þá svo blíð á brá
út í bátinn mér einum hjá.

Það liggur svo makalaust ljómandi á mér,
mér líkar svo vel hvernig heimurinn er,
mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.

Viðlag:

Hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ,

hæ, dúllía, dúllía, dúllía, dæ.

*Mér sýnist allt lífið svo ljómandi bjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.*

Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,
mér allt sýnist hringsnúast, stólar og borð.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.

Hæ, dúllía...

Samt líð ég hér áfram í indælis ró,
í algleymis dillandi löngunarfró.

Já, þetta er nú algleymi, ef algleymi er til
því ekkert ég man eða veit eða skil.

Hæ, dúllía...

Vertu þú sjálfur

Vertu þú sjálfur, gerðu það sem þú vilt.
Vertu þú sjálfur, eins og þú ert.
Láttu það flakka, dansaðu í vindinum.
Faðmaðu heiminn, elskaðu.

Farðu alla leið.

Va-bam-a-lú-ma-ba-ba-bei.

Farðu alla leið,

allt til enda, alla leið.

Vertu þú, þú sjálfur.
Gerðu það sem þú vilt.
Jamm og jive og sveifla.
Honky tonk og hnykkurinn.
Farðu alla leið ...

Undir Dalanna sól

Undir Dalanna sól, við minn einfalda óð
hef ég unað við kyrrláta för.
Undir Dalanna sól, hef ég lifað mín ljóð
ég hef leitað og fundið mín svör.
:,: Undir Dalanna sól, hef ég gæfuna gist
stundum grátið en oftast í fögnuði kysst.
Undir Dalanna sól, á ég bú mitt og ból
og minn bikar, minn arinn, minn svefnstað og
skjól:,:

Ennþá geymist það mér í minni,
María, María,
hvernig við fundumst í fyrsta sinni,
María, María.
Upphaf þess fundar var í þeim dúr,
að ætluðum bæði í Merkurtúr.
María, María, María, María, María, María.

Margt skeður stundum í Merkurferðum,
María, María,
mest þó ef Bakkus er með í gerðum,
María, María.
Brátt sátu flestir kinn við kinn
og kominn var galsi í mannskapinn.
María, María, María, María, María, María.

Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér,
María, María,
Síðan ætla ég að sofa hjá þér.
María, María.

Svo örkum við saman vorn æviveg
er ekki tilveran dásamleg?
María, María, María, María, María, María.

Vertu til

Vertu til
er vorið kallar á þig,
vertu til
að leggja hönd á plóg.
Komdu út
því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka
og rækta nýjan skóg,
sveifla haka
og rækta nýjan skóg.

Gunna var í sinni sveit
saklaus þrúð og undirleit,
hláturmild, en helst til feit,
en hvað er að fást um það.

Svo eitt haust kom mærin með
mjólkurbíl um leið og fêð,
henni var það hálf um geð,
en hvað er að fást um það.

Svo leigði hún sér kvistherbergi
upp við Óðinstorg
og úti fyrir blasti við
hin syndumspillta borg.

Engum bauð hún upp til sín
og aldrei hafði hún bragðað vín,
horfði bara á heimsins grín,
en hvað er að fást um það.

Einu sinni á ágústkvöldi

Einu sinni á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inn í Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa, rökkur-veg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða, þú og ég.

Nú er ég léttur
og orðinn nokkuð þéttur
Ég er í ofsa stuði
og til í hvað sem er.

*Þú ert svo sæt og yndisleg
að allur saman titra ég
af ást til þín, ó elskan mín
já er ekki tilveran dásamleg*

Nú er ég þreyttur
og ákaflega sveittur
í þessu léttu lagi
þig legg að vanga mér.

Þú ert svo ...

Nú er ég léttur
og orðinn nokkuð þéttur
því nú er ballið búið
ég býð þér með mér heim,
því nú er ballið búið
ég býð þér með mér heim

Kátir voru karlar

Kátir voru karlar
á kúttar Haraldi
til fiskiveiða fóru
frá Akranesi.

Og allir komu þeir aftur
og enginn þeirra dó.
Af ánægju út að eyrum
hver einasta kerling hló.

Litla flugan

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítil fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.

Og ef ég væri orðin lítil fluga
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt.
Og þó ég ei til annars mætti duga
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Lausavísur

Afi minn fór á honum Rauð

eitthvað suður á bæi,
að sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa,
þau eru bæði þæg og fin,
þangað vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan gluggann,
þarna siglir einhver inn
ofurlítill duggan.

Einu sinni átti ég hest
ofurlítinn, bleikan,
það var sem mér þótti verst
þegar merin sveik hann.

Einu sinni átti ég hest
ofurlítinn, skjóttan,
það var sem mér þótti verst
þegar dauðinn sótti hann.

Einu sinn átti ég hest
ofurlítinn, rauðan,
það var sem mér þótti verst
þegar mamma sauð hann.

náum þar í dúfur og fáum drátt.
Þetta eru oftast mikil fylliskröll,
við syngjum alltaf með og dönsum dátt.

Eini gallinn yfirleitt er hljómsveitin,
hún spilar skráttin lög og hefur hátt.
En ég þekki alla þessa karla út og inn,
svo ég æði upp og bið þá opinskátt.

*Gætum við fengið að heyra eitthvað íslenskt,
Eitthvað gamalt og gott.
Gætum við fengið að heyra eitthvað íslenskt,
eitthvað gamalt og gott.*

Framúrstefnutextana og útlensku,
höfum við sko ekk'í okkar sveit.
Áður fyrr við höfðum eina harmonikku,
og hvursu gaman var þá hver einn veit.

Gætum við fengið að heyra...

Já enginn spilar lengur ræl og sjarleston,
og ekki kemst maður lengur í góðan kokk.
Já mætti ég kanski biðja um Þorstein Guðmundsson,
og Gissur Geirs, þeir spila fleir'en rokk.

Gætum við fengið að heyra...

Komdu í party

Ég var að rúnta á ræfilslegum Ford '57,
einmana í brakinu og klukkan orðin tvö.
Þá urðu á vegi mínum þæks ég veifaði upp á grín,
þær sögðu komdu, komdu, komdu í party til mín.

Veistu hvað ég gerði þarna á gamla Fordinum,
ég bauð þeim öllum þremur far og kveikti á
kananum.
Ég spurði, hvert skal aka og hvort einhver ætti vín,
þær sögðu komdu, komdu, komdu í party til mín.

Við förum svo í kyrrlátt hús og kveiktum þar dauf
ljós,
þær komu svo með brennivín og kókakóla í dós.
Þær klæddu sig úr hverri spjör og kneifðu þetta vín,
þær sögðu komdu, komdu, komdu í party til mín
.

Frestikistulagið

Ég vaknaði á sunnudagsmorguninn og sá þá allt í
nýju ljósi.

Hún lá þarna við hliðina á mér blessunin og minnti mig á belju í fjósi.

Ég ákvað þarna um morguninn að kál'enni og velti henni því á bakið, tók og snéri upp á hausinn á'enni og vafð'ana svo inn í lakið.

Já, það er gott að vera laus við þessa leiðinda tík.
Hvað á ég nú að gera við þetta lík?

Ég sett'ana í frystikistu saman við brauð, en þegar ég ætlaði að loka þá hreyfð'ún sig, hún var víst ekki alveg dauð svo ég ákvað þarna aðeins að doka.

Hausinn á henni hann var hálfur af og á hana skelfdur ég starði. Hún lá þarna í pörtum, ég get svarið það, til öryggis ég í hana barði.

Hún öskraði og kom þar með upp um sig. Augun voru stjörf af ótta, hún bað mig að hætta, já, hún grátbað mig og reyndi svo að leggja á flóttu.

En ég var sneggri og greip í hennar hár og í það fast ég rykkti. Dró hana til mín lipur og frá náði ég henni og kyrkti.

Já, það er gott að vera laus við þetta leiðinda skass.
Hvað á ég nú að gera við þetta hlass?

Þá dyrabjallan hringdi og mér dauðbrá.
Hvað átti ég nú að gera? Ég strunsaði út að glugganum og þá ég sá að þetta mundi lögreglan vera.

Ó, María, mig langar heim

11

Hann sigldi út um höfin blá í sautján ár
og sjómennsku kunni hann upp á hár.
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

*Ó, María, mig langar heim,
ó, María, mig langar heim,
því heima vil ég helst vera
ó, María hjá þér.*

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar.
En aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María.....

Svo kom að því hann vildi halda heim á leið,
til hennar, sem sat þar og beið og beið.
Hann hætti til sjós tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María.....

Ship-o-hoj

Sjómannslíf, sjómannslíf,
draumur hins djarfa manns,
blikandi bárufans,
býður í trylltan dans.

Sjómannslíf, sjómannslíf,
ástir og ævintýr
fögnuð í faðmi býr
brimhljóð og veðragnýr.

Ship-o-hoj, ship-o-hoj
ferðbúið liggur fley.
Ship-o-hoj, ship-o-hoj
boðanna bíð ég ei.

Við stelpurnar segi ég
ástarljúf orð
einn, tveir, þrír kossar
svo stekk ég um borð.

Ship-o-hoj, ship-o-hoj
mig seiðir hin svala dröfn.
Ship-o-hoj, ship-o-hoj
og svo nýja í næstu höfn.

Danska lagið

12

Manstu fyrir langa löngu?
Við sátum saman í skólastofu.
Ég dáði þig en þú tókst ekki eftir mér,
ekki frekar en ég væri krækiber.

Þú varst alltaf best í dönsku.
Það fyllti hinar stelpurnar vonsku
þegar kennarinn kallaði á þig til sín
og lét þig syngja á dönsku fyrir okkur hin.
Ó, ég mun aldrei gleyma
hve fallega þú söngst, þú söngst:

Der bor en bager på Norregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små.
Han bager nogle med sukker på.
Og i hans vindu' er sukkersage
og heste-, grise-, og peberkager.
Og har du penge så kan du få,
men har du ingen så kan du gå.
Og svo mörgum árum seinna,
þá lágu leiðir okkar beggja
til útlanda, þar sem fórum við í háskóla.
Við lærðum söng og héldum saman tónleika.

Og eina stjörnu bjarta kvöldstund,
ég kraup á kné, ó, hve létt var þín hönd.
Þú sagðir já, kysstir mig og nú erum við hjón
og eigum litla Gunnu og lítinn Jón.
En ég mun aldrei gleyma
hve fallega þú söngst, þú söngst:

Der bor en bager ...

Tryggðapantanir

Komdu og skoðaðu í kistuna mína! í kössum og
handröðum á ég þar nóg? sem mér hafa gefið í
minningu sína, meyjarnar allar, sem brugðust mér
þó. Í handröðum þessum ég hitt og þetta á, sem
heldur en ekki er fróðlegt að sjá.
Tra la-la-la-la la-la-la la-la-la la

Ég tilbið Harold Lloyd.
Ég tilbið Sigmund Freud.
Og John Wayne og Mark Twain
og þig og Michael Caine.

Syngjum öll um Sókrates
sálarinnar Herkúles.
Um alla þá sem allir þrá
og allir dýrka og dá.

Ég syng um Kólumbus.
Og Sólon Islandus.
Og Mendelsohn og Paul og John
og John Paul Sigmarsson.

Syngjum öll um Sókrates
sálarinnar Herkúles.
Um alla þá sem allir þrá
og allir dýrka og dá.

Syngjum öll um Sókrates
sálarinnar Herkúles.
Um þá sem spá.
En einkum þá sem fallnir eru frá.

Játning

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.

Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín,
er innan stundar lýkur göngu minni
þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr,
hver dagur, sem ég lifði í návist þinni.

Þú og þeir

Ég dái Dubussy.
Ég dýrka Tchaikovsky.
Og Einar Ben og Beethoven
og Gunnar Thoroddsen.